

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2018

2019/EES/98/10

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2037 frá 21. nóvember 2016 um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE að því er varðar leyfilegan hámarksþrýsting í úðabrusum og til þess að aðlagða ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun ráðsins 75/324/EBE) í VIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32016 L 2037:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2037 frá 21. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 314, 22.11.2016, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2016/2037, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 314, 22.11.2016, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.